



**407. fundur Þingvallanefndar
6. mars 2014**

Fundur haldinn í húsnæði Þingvallanefndar 6. mars 2014 kl. 11.30. Fundarmenn voru alþingismennirnir Sigrún Magnúsdóttir formaður, Birgir Ármannsson varaformaður, Steingrímur J. Sigfússon, Oddný Harðardóttir, Haraldur Einarsson og Róbert Marshall.

Fundinn sátu einnig Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður, Hrefna Jónsdóttir ritari sem ritaði fundargerð og Einar Á. E. Sæmundsen fræðslufulltrúi þjóðgarðsins.

Formaður setti fund og stýrði:

1. Forkaupsréttur að Neðristíg 5.

Lagt fram bréf dags. 8.1.2014, þar sem óskað er eftir að ÞVN falli frá forkaupsrétti sínum að sumarhúsi við Neðristíg 5 í þjóðgarðinum.

Samþykkt.

2. Breytingar á veiðireglum.

Þingvallanefnd samþykkir tillögu þjóðgarðsvarðar um breyttar veiðireglur í Þingvallavatni innan þjóðgarðsins. Veiðitími hefst 20 apríl. Frá 20. apríl til 31. maí er einungis leyft að veiða með flugu og öllum urriða skal sleppa á þessu tímabili. Tillagan er lögð fram eftir náíð samráð við veiðifélög og einstaka veiðimenn og er ætlað að bæta veiðimenningu við Þingvallavatn og styrkja urriðastofninn.

3. Breyting á umferð á vegi nr. 361.

Samþykkt að vinna að takmörkun bílaumferðar um veg nr. 361 við Vatnsvík og Ólafsdrátt, meðal annars að stórar rútur aki ekki um þennan vegarkafli. Kannað verði hvort heppilegt sé að setja snúningsplan og bílastæði sitt hvoru megin við þetta svæði.

Tillaga þessi er lögð fram vegna þess að umræddur vegarkafli er örmjór, slyshætta er mikil, umferð gangandi og bíla fer mjög illa saman, silungsveiði er trufluð, mengun er vegna umferðar

og hugsanlegra bíslýsa, bílaumferð fellur illa að þeim náttúruperlum sem eru við vatnið s.s. Vellankötlu, fuglasvæðis, hryggningastöðva, fornminja Kónsvegar, inngöngu í skógarreiti og þeirri kyrrð og rómuðu fegurð sem ríkir við Vatnsvikið og nágrenni.

4. Gestagjöld vegna köfunar.

Lagt fram vinnuskjal unnið af Lilju Jónasdóttur hrl.
Frestað.

5. Erindi frá Vatnasýn varðandi rafbát.

Lagt fram bréf dags. 30.01.2014 frá Vatnasýn.
Erindi frestað.

6. Rekstrar- og framkvæmdaáætlun 2014.

Lagt fram til upplýsinga og umræðna aftur.

7. Framkvæmdir í Þjóðgarðinum.

Þjóðgarðsvörður upplýsir um gang framkvæmda á Hakinu. Samningur við Framkvæmdasýslu ríkisins lagður fram ásamt útboði á bílaplani.

BÁ – vikur af fundi 12.55.

8. Víkingaminjar – UNESCO

Gestur Ragnheiður Þórarinsdóttir frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Ragnheiður hélt stutta kynningu um víkingaminjar. Ísland hefur verið í forystu fyrir alþjóðlegri raðtilnefningu á minjum frá víkingatímanum í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 10. ágúst 2007. Undirbúningur að tilnefningunni hefur staðið í tæp sex ár undir forystu mennta- og menningarmálaráðuneytisins í samstarfi við yfirvöld í hinum ríkjunum. Sjö staðir eru tilnefndir og eiga þeir sameiginlegt að mikilvægar minjar um víkinganatímabilið í sögu þjóðanna á 8. til 11. öld. Staðirnir eru: Þingvellir, Jelling og Trelleborg í Danmörku, Grafreitir og búsetuminjar í Grobina í Lettlandi, Skipshaugar í Vestfold og kvernasteinsnámur í Hyllestad í Noregi, Heiðarbær og Danavirki í Slésvík-Holtsetalandi í Þýskalandi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.17